

Reykjavík, 18. október 2023

## Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti Skrifstofa umhverfis og skipulags

### Efni: Umsögn Samorku um áform um lagasetningu Viðskiptavettvangur raforku, mál í Samráðsgátt nr. 168/2023

Samorka styður áform um lagasetningu sem tryggir umgjörð um skipulegan og virkan raforkumarkað. Áformuð lagasetning fellur vel að orkustefnu stjórnvalda sem mörkuð hefur verið til ársins 2050. Í henni kemur fram að virkur og gegnsær markaður stuðli að jafnvægi í framboði og eftirspurn og þar með bættu orkuöryggi. Má þá jafnframt minna á Skýrslu starfshóps um orkuöryggi á heildsölumarkaði fyrir raforku frá ágúst 2020.

Þýðing virkra orkumarkaða gagnvart stórum áskorunum og erfiðleikum hefur sannað sig skýrt á liðnum misserum í Evrópu.

Frá setningu raforkulaga árið 2003 hefur verið heimild fyrir flutningsfyrirtækið (Landsnet) að reka raforkumarkað. Með lögum nr. 19/2011 var bætt við nýrri grein 18. A í raforkulög þar sem mælt er almennt fyrir um leyfi til að reka raforkumarkað. Þá segir í greininni að nánar skuli kveðið á um skilyrði leyfisveitingar og starfsemi raforkumarkaðar í reglugerð.

Það er mikilvægt að á viðskiptavettvangi raforku gildi háttænisreglur líkt og fjármálamörkuðum. Eins og fram kemur í áformaskjali gildir innan Evrópusambandsins reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1227/2011 (REMIT) um heilindi og gagnsæi heildsölumarkaðar með rafmagn. Þó reglugerðin hafi ekki verið tekin upp í EES-samninginn hafa Norðmenn tekið meginreglur reglugerðarinnar upp í norskan rétt til að skapa heilbrigða umgjörð um viðskiptavettvang raforku.

Um nokkurt skeið hafa verið uppi áform um rekstur heildsölumarkaðar með rafmagn og lengi verið ákall um að koma á virkum raforkumarkaði á Íslandi. Þannig stofnaði t.a.m. Landsnet dótturfélagið Elmu í þeim tilgangi árið 2022.

Markmið með rekstri raforkumarkaðar væri til að mynda að auka gagnsæi á heildsölumarkaði með rafmagn, stuðla að jafnvægi í framboði og eftirspurn og skýra verðmyndun. Mikilvæg forsenda fyrir skilvirkni slíks markaðar er að traust ríki milli markaðsaðila. Skýrar háttænisreglur um meðhöndlun upplýsinga og bann við markaðsmisnotkun eru þannig lykilatriði í að tryggja traust á markaði. Það fellur svo í hendur skilgreinds eftirlitsaðila, líkt og Fjármálaeftirlitsins á fjármálumarkaði, að hafa eftirlit með því að háttænisreglur séu virtar og grípa til viðeigandi ráðstafana sé skortur á því.

Það ætti ekki að vera miklum vandkvæðum bundið að innleiða í raforkulög og tilheyrandi reglugerðir háttænisreglur sambærilegar þeim sem kveðið er á um í REMIT reglugerðinni. Um leið og það er gert

þarf þó að huga vel að því hvernig eftirlit, sektarheimildum og öðrum úrræðum eftirlitsaðila verður háttað. Til að mynda gæti slíkt eftirlitshlutverk ekki komið sem hrein viðbót á núverandi verkefni Orkustofnunnar. Að því leyti sem hér væri um að ræða ný verkefni á hendi Raforkueftirlits Orkustofnunar þyrfti að huga að mönnun og fjármögnun þess, enda hér um að ræða verkefni sem er eðlisólíkt þeim verkefnum sem Raforkueftirlitið sinnir nú. Huga þarf sérstaklega vel að útfærslu á þessu hlutverki eftirlitsaðilans og fjármögnun slíks eftirlits.

Samorka þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um áform ráðuneytisins og óskar eftir tækifæri til að veita frekari umsögn um málið þegar frumvarp til laga liggur fyrir.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur